

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 31. desember 2005, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjaneskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 30. apríl 2006, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjald í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Djúpavogshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands og verður 3% á gjaldskyldu húsnæði í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr.

4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. gjaldfellur þegar lokið er lagningu bundins slitlags og gangstéttar en dreifa má greiðslum án vaxta í allt að 18 mánuði eftir gjalddaga.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Djúpavogshrepps samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps, 20. október 2005.

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Lækjarhvammur, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að bætt er við efnistökusvæði um 500 m norðan við bæjarhúsin að Lækjarhvammi. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka verði minni en 50.000 m³.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.